

Rennslismælingar í Hallkelshólum og
Hæðarenda í Grímsnesi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85-03

RENNSLISMÆLINGAR Í HALLKELSHÓLUM OG HÆÐARENDA Í GRÍMSNESI

Dagana 9. og 10. febr. 1985 voru gerðar rennslismælingar á köldu vatni úr uppsprettum í landi Hallkelshóla og Hæðarenda í Grímsnesi. Lindasvæðin eru sýnd á meðfylgjandi korti. Lindirnar voru ýmist mældar hver fyrir sig eða allt afrennsli af tilteknu lindasvæði í einum læk. Mælt var í stokki og í V-laga yfirfalli. Ein lind var mæld með báðum aðferðum til að sjá samræmi milli mæliaðferðanna. Niðurstöður voru sem hér segir:

Hallkelshólar.

A. Uppsprettur í lögðinni norðan við Rauðhól og hraunið frá honum. Mældir voru þrjú austustu lækirnir. Þeir koma allir úr mörgum uppsprettum efst í grunnum drögum.

1. Austasti lækurinn var mældur bæði í stokki og í V-laga yfirfalli. Mæling í stokki sýndi 31,3 l/s. Framhjárezrennsli var áætlað 1-2 l/s. Alls 33 l/s. Hiti vatnsins var 45°C. Mæling í V-laga yfirfalli gaf 34 l/s. Framhjárezrennsli var ekkert. Samræmi milli mælinga er viðunandi, en V-mælingin þó talin nákvæmari.
2. Miðlækur ofan við Rauðhól. Mælt var í stokki. Rennsli mældist 68 l/s. Framhjárezrennsli var áætlað 5 l/s. Alls 73 l/s. Hiti vatnsins var 5,4°C.
3. Landamerkjálækur milli Klausturhóla og Hallkelshóla norðan við Rauðhól. Mælt var í stokki. Rennsli mældist 42 l/s. Framhjárezrennsli var áætlað 3 l/s. Alls 45 l/s. Hiti vatnsins var 4,5°C.

B. Uppsprettur í Skógarholti.

4. Lækur rétt austan við vatnsból. Mælt í V-laga yfirfalli rétt neðan við upptök. Rennsli mældist 21 l/s. Framhjárezrennsli var áætlað um 1/2 l/s. Alls 21,5 l/s.
5. Næsta drag austan við vatnsból. Mælt var annars vegar rennsli í aðallæknum úr uppsprettum efst í draginu. Hins vegar minni lækur lítið eitt vestar úr uppsprettum neðar í draginu. Mælt var í V-laga yfirfalli. Rennsli í aðallæknum mældist 43 l/s. Framhjárezrennsli var áætlað 1-2 l/s. Alls 44 l/s. Í minni læknum var

rennslið 13 l/s. Ekkert rann framhjá. Samkvæmt því var rennsli í læknum úr draginu alls 57 l/s.

Hæðarendi

Lind um 800 m vestan við Hæðarenda neðan við veginn. Mælt var í stokki rétt neðan við uppsprettuna. Rennsli mældist 35,2 l/s. Framhjärennsli var áætlað um 1 l/s. Alls 36 l/s. Hiti vatnsins var 5°C.

Veður var stillt og vægt frost dagana sem mælt var. Vikurnar á undan höfðu verið frost og stillur. Lítill snjór var á jörð.

